


Húsafell 1 og Bæjargil

Lönd úr jörðinni Húsafell,
Greinargerð deiliskipulags



23. 08.2022 – br. 3.11.2022 & 12.12.2022.

Sveinn Ívarsson arkitekt FAÍ, Brúarfljóti 1 Mosfellsbæ, sími 659-1000, netfang: lvarsson@iceblue.is

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar þann 4.11. 2022 og í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 10.11 2022.

Tillagan var auglýst frá 15.9. 2022 með athugasemdafresti til 28.10 2022

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2022.



Deiliskipulagsgögn eru greinargerð þessi auk deiliskipulagsuppráttar dags. 23.08.2022.

Br. 3. nóvember 2022 og 12. desember 2022.

Sveinn Ívarsson arkitekt FAÍ, Brúarfljóti 1 Mosfellsbæ, sími 659-1000, netfang: lvarsson@iceblue.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Deiliskipulagssvæðið	1
Helstu forsendur	1
Aðrar áætlanir	1
Staðhættir	2
Náttúruminjar	2
Náttúruvá	2
Fornminjar	2
Núverandi hús	3
Almennir skilmálar	4
Aðkoma, vegir og bílastæði	4
Göngustígar og gróður	4
Veitukerfi og sorp	5
Brunavarnir og slökkvivatn	5
Byggingarskilmálar	5
Bæjargil	5
Gamli bær (Húsafell 1)	6
Gamli bær – Gistihús	6
Gamli bær – svæði fyrir frístundahús til útleigu eða einkanota	6
Umhverfisáhrif	7
Kynning og samráð	7
Afgreiðsla eftir auglýsingu	7
Heimildaskrá	8
Tafla 1. Núverandi mannvirki á deiliskipulagssvæðinu, Bæjargil og Gamli bær.	3
Tafla 2. Stærð og nýtingarhlutfall lóða.	6
Mynd 1. Loftmynd, Húsafell og Bæjargil frá árinu 1986. af vef. Landmælinga Íslands 2022, lmi.is.	2
Mynd 2. Húsin á torfunni - Gamli bær (Húsafell 1) og Bæjargil í Húsafelli.	3
Mynd 3. Hluti deiliskipulagsuppráttar sem sýnir skipulag aðkomu og bílastæða við Gamla bæ og Bæjargil.	4

Inngangur

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lönd Húsafells 1, hér eftir Gamli bær, og Bæjargils í Húsafelli. Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð þessari og á uppdrætti í mælikvarða 1:1000. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lög nr. 111/2021. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við breytingu sem gerð var á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þar sem forsendur eru skilgreindar.

Deiliskipulagssvæðið

Deiliskipulag þetta nær yfir rúmlega 5 ha svæði úr jörðinni Húsafell sem skiptist á milli Húsafells 1 þ.e. Gamla bæjar, L176081, og Bæjargils, L221570. Skipulag svæðisins byggir á samningi milli landeigenda og Borgarbyggðar, dags 12. ágúst 2021 sem hefur verið þinglýst. Stærð landanna er eftirfarandi, Gamli bær, 43.500 m² og Bæjargil, 9.104 m². Deiliskipulagi gerir grein fyrir heimildum á hvoru landi fyrir sig með það að markmiði að skipuleggja lóðir undir safn, ferðapjónustu, verslun og þjónustu, aðkomu og bílastæði. Svæðið í heild verði áhugavert með lágstemmdri en fjölbreyttri starfsemi. Frávik frá þinglýstu samkomulagi felst í að lokanir á gamla þjóðvegi þar sem hann fer í gegnum land Húsafells 1 eru felldar út.

Helstu forsendur

Aðrar áætlanir

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022

Samhliða deiliskipulagi þessu er gerð breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þar sem umrætt svæði fær skilgreinda landnotkun verslun- og þjónusta (S12). Allar lóðir á svæðinu verði skilgreindar sem viðskipta- og þjónustulóðir. Skilmálar varðandi uppbyggingu á svæðinu er einnig skilgreind í aðalskipulagsbreytingunni þar segir m.a. að gert sé ráð fyrir gisti- og veitingarekstri, safni og safnasvæði, vinnustofu, menningartengdri ferðapjónustu og starfsemi tengd listum. Heimild er gefin til þess að stækka Gamla bæ og heimilt sé að breyta skráningu og nýta húsið sem íbúðarhús og skrá lögheimili. Aðkoma er um héraðsveg nr. 5199 (Húsafellskapelluveg) af Hálsasveitarvegi (518).

Sérskilmálar hvorrar landareignar fyrir sig í aðalskipulagi.

Gamli bær	Bæjargil
Stækkun á núverandi húsi í allt að 500 m ² að gólfleti (birt flatarmál), heimilt er að skrá húsið sem íbúðarhús. Allar viðbyggingar eða breytingar á Gamla bæ eru háðar umsögn Minjastofnunar Íslands. Gamla íbúðarhúsið á Húsafelli 1 er hverfisverndað (H73).	Byggingarmagn að hámarki 500 m ² að gólfleti (birt flatarmál).
Hæð húsa skal takmarkast við eina hæð og ris, að undanskildum Gamla bæ þar sem heimild er fyrir tveimur hæðum og risi.	Hæð húsa skal takmarkast við eina hæð og ris að undanskildum turni í landi Bæjargils.
Vestan Gamla bæjar er heimild fyrir allt að 6 lóðum fyrir frístundahús. -Heildargólfötur hvers frístundahúss allt að 200 m ² að meðtöldum bílskúr, gestahúsi og slíkum byggingum. -Hámarkshæð frístundahúsa 4,9 m. -Heimilt er að nota húsin til útleigu samhliða rekstri á hóteli eða gistiheimili. -Aðkoma að frístundahúsum færast vestur fyrir, þegar vegur er kominn samhliða frekari uppbyggingu þar, fáist heimild veghaldara.	

Heimildir og skilmálar deiliskipulags þessa miðast við ofangreinda skilmála aðalskipulagsbreytingarinnar.

Ekki er gildandi deiliskipulagsáætlun á löndunum né á aðliggjandi svæðum.

Staðhættir

Húsafell er í dag kunnast fyrir náttúrufar, frístundabyggð, verslun og þjónustu og nálægð jökla og hálendi. Svæðið sem hér um ræðir er hluti af gömlu Húsafellstorfunni, Gamli bær er elsta íbúðarhúsið á svæðinu en þar hefur verið rekið gistiheimili og á Bæjargili standa nokkur hús sem í dag eru nýtt sem m.a. vinnustofa og gallerí. Landið er að mestum hluta móar og gömul tún sem hafa sum hver verið nýtt. Norðan við bæjarstaðið stendur Húsafellskirkja sem nýtir sömu aðkomu.

Náttúruminjar

Jörðin Húsafell er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá og er nr. 206 og þar segir: „Tilkomumikið fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, þ.e. Friðland í Húsafellskógi.“ Þeir þættir sem tilteknir eru í náttúruminjaskránni finnast ekki á landinu sem deiliskipulagið tekur til.

Náttúruvá

Í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 eru skilgreind svæði undir náttúruvá þ.e. svæði undir 5 m h.y.s. og flóðasvæði sbr. flóðamörk í Hvítá. Deiliskipulagssvæðið fellur undir hvoruga skilgreininguna. Í Borgarbyggð hafa orðið náttúruhamfarir sem tengja má við loftslagsbreytingar s.s. flóð úr Hafrafellslóni, skriðuföll og gróðureldar einnig hefur orðið vart við jarðskjálfta. Staðsetning deiliskipulagssvæðisins gefur ekki tilefni til að meta áhrif náttúrvár á svæðið.

Fornminjar

Gamli bær var byggður 1908 og fellur því undir aldursfriðun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í kafla VII um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja segir m.a. að óheimilt sé að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Innan deiliskipulagssvæðisins er hlaðinn túngarður sem er undir núverandi yfirborði og helgunarsvæði hans er 15 m. Vegur liggur yfir túngarðinn, gamla aðkoman að Húsafelli. Vegurinn er vel greinilegur á loftmynd LMI frá árinu 1986 þar sem sést að hann er aðalleið frá Hálsasveitarvegi að sumarhúsum í landi Húsafells 4 í gegnum hlað Gamla bæjar.



Mynd 1. Loftmynd, Húsafell og Bæjargil frá árinu 1986. af vef. Landmælinga Íslands 2022, lmi.is.

Túngarðurinn ásamt 15 m helgunarsvæði er skilgreindur á deiliskipulagsupprætti.

Allar framkvæmdir eru óheimilar innan helgunarsvæðis fornleifa. Sérstök aðgát skal viðhöfð við framkvæmdir á svæðinu með tilliti til fornminja. Leita þarf samráðs við Minjastofnun Íslands ef breyta á vegi sem liggur í gegnum túngarðinn.

Núverandi hús

Svæðið er í dag nokkuð byggt og gert er ráð fyrir að öll hús á svæðinu standi áfram en heimild verður gefin í kafla um byggingarskilmála um frekari uppbyggingu, bæði stök hús sem og viðbyggingar.

Eftirfarandi töflur sýna skráningu núverandi húsa eins og þau eru skráð hjá Þjóðskrá. Í töflu Þjóðskrár er tilgreind geymsla, byggð 1993 sem ekki er til en vantar pakkhús sem flutt var á land Bæjargils frá Borgarnesi, 142,7 m², geymsla er tekin út og pakkhúsinu bætt í töfluna.

Tafla 1. Núverandi mannvirki á deiliskipulagssvæðinu, Bæjargil og Gamli bær.

Bæjargil – L221570		
Lýsing	Byggingarár	Flatarmál m ²
Vinnustofa – turn	1992	33,6
Vinnustofa	2000	29,6
Fjós	1948	100,5
Geymsla	1993	29
Legsteinasafn	-	100,7
<i>Pakkhús óskráð</i>		142,7
		407,1
Gamli bær – L176081		
Lýsing	Byggingarár	Flatarmál m ²
Gistihús	1908	223,7
Sumarbústaður	1999	41,4
		265,1




Mynd 2. Húsin á torfunni - Gamli bær (Húsafell 1) og Bæjargil í Húsafelli.

Almennir skilmálar

Skilmálar fyrir svæðið skiptist í tvo hluta þ.e. almennir skilmálar sem snúa að sameiginlegum þáttum s.s. aðkomu og bílastæðum. Í sérskilmálum verður fjallað um hvert svæði fyrir sig það er Bæjargil, Gamla bæ og svæði fyrir frístundahús. Sérskilmálar taka á heimildum er snúa að mögulegri uppbygging á hverju svæði, stærð og umfang húsa, lóðum o.fl.

Aðkoma, vegir og bílastæði

Aðkoma að báðum löndum er af héraðsvegi, Húsafellskapelluvegi nr. 5199 af Hálsasveitarvegi nr. 518 í gegnum sameiginlega heimreið í landi Bæjargils og að frístundasvæði eftir gamla þjóðveginum. Bílastæði eru skilgreind á deiliskipulagsupprætti þar sem gert er ráð fyrir 10 bílastæðum við Gamla bæ og 12 bílastæðum við Bæjargil. Bílastæðin verða öll á sama svæði en verður skipt upp með hlöðnum garði, gróðri eða girðingu sem útfært verður í samráði við eigendur Gamla bæjar og Bæjargils. Samkvæmt samkomulagi þá verður aðkomusvæði í landi Bæjargils, við bílastæði Gamla bæjar til sérafnota fyrir Gamla bæ nema í undantekningartilfellum samkv. samningi, sjá skástrikað svæði á upprætti. Við guðþjónustur og aðra kirkjulega viðburði í Húsafellskirkju er eitt stæði hreyfihamlaða við Gamla bæ og tvö við Bæjargil til afnota fyrir kirkjugesti. Frá bílastæði Gamla bæjar liggur gamla aðkoman að Húsafelli inn á svæði fyrir frístundahús. Vegurinn er ekki ætlaður til almennrar umferðar en heimilt er að nota vegslóðann vegna þjónustu við frístundahús og sem gönguleið. Ekki er heimilt að breikka vegslóðann þar sem hann liggur í gegnum túngarðinn. Aðkoma að frístundahúsum í landi Gamla bæjar er sameiginleg með sumarhúsum í landi Húsafells 4, eftir gamla þjóðveginum sem liggur af Húsafellskapelluvegi. Vegir skulu byggðir með hliðsjón að aðkomu viðbragðsaðila s.s. slökkviliðs.



Mynd 3. Hluti deiliskipulagsupprættar sem sýnir skipulag aðkomu og bílastæða við Gamla bæ og Bæjargil.

Göngustígar og gróður

Göngustígar eru skilgreindir á deiliskipulagsupprætti og er staðsetning þeirra til viðmiðunar en gönguleið að kirkju/sáluhliði Húsafellskirkju er í landi Gamla bæjar.

Trjágróður, einungis innlendar trjátegundir eru heimilar, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir en birki er nú þegar farið að sá sér á svæðinu. Aspir eru óheimilar.

Sveinn Ívarsson arkitekt FAÍ, Brúarfjótí 1 Mosfellsbæ, sími 659-1000, netfang: lvarsson@iceblue.is

Veitukerfi og sorp

Allar lagnir skulu vera meðfram vegum, þar sem því verður komið við til að lágmarka rask.

Vatnsveita

Vatnsveita Húsafells þjónar bæði Gamla bæ og Bæjargili og gert er ráð fyrir að það fyrirkomulag verði einnig við áætluð hús á svæðinu. Neysluvatn skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Fráveita

Fráveita verður lögð í rotþró sem fylgir þeim kröfum sem settar eru í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ m.s.br. Leiðbeinandi staðsetning á rotþró er sýnd á deiliskipulagsupprætti, nákvæm staðsetning skal koma fram á byggingarnefndarteikningum.

Rafmagn

Tenging verður við núverandi lagnakerfi á svæðinu í samráði við hlutaðeigandi aðila RARIK.

Sorp

Flokkun og skil á sorpi verður í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.

Brunavarnir og slökkvivatn

Brunavarnir eru á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar og er slökkviliðsbíll staðsettur í Reykholti. Vatn til slökkvistarfs er hægt að sækja í Kaldá. Ráð er gert fyrir aðgengi slökkvibíla við vegagerð á svæðinu.

Byggingarskilmálar

Sérskilmálar eru þrískiptir þar sem skilgreina má deiliskipulagssvæðið í þrjá hluta:

- Bæjargil, aðstaða listamanns, vinnustofa, gallerí og safn.
- Gamli bæ, ferðabjónusta, gistiheimili og önnur þjónusta.
- Svæði fyrir frístundahús, til einkanota og/eða útleigu í tengslum við ferðabjónustu Gamla bæjar.

Bæjargil

Land Bæjargils L221570, er 9.104 m² að flatarmáli og er allt landið skilgreint í aðalskipulagsbreytingu sem verslunar- og þjónustusvæði og lóðin verður skilgreind sem viðskipta og þjónustulóð hjá Fasteignamati ríkisins. Bílastæði vegna starfsemi á svæðinu verð staðsett austan við landið, utan deiliskipulagssvæðisins. Innan landsins eru fimm þegar byggð hús:

Heiti	Nýting	Fyrri nýting	Stærð í m ²
Pálsskáli	Vinnustofa listamanns	Fjós	100,5
Turninn	Vinnustofa listamanns	Súrheysturn	33,6
Vinnustofa	Vinnustofa listamanns	Hlaða	29,6
Pakkhús	Vinnustofa og sýningar	Aðflutt	142,7
Legsteinasafn	Sýningarsalur	Nýbyggt	100,7
		samtals	407,1
Nýbygging	þjónustuhús		92,9
		samtals	500

Hæð húsa miðast við eina hæð og ris að undanskildum Turninum.

Nýr byggingarreitur er skilgreindur austan við Pálsskála fyrir þjónustuhús sem tengir Pálsskála og Turninn.

Byggingarskilmálar fyrir þjónustuhús:

- Hámarksflatarmál nýbyggingar allt að 92,9 m², heildarbyggingarmagn á lóð 500 m².
- Hámarks mænishæð allt að 8 m.
- Lóðarstærð 9.104 m².
- Nýtingarhlutfall innan lands Bæjargils 0,055.

Sveinn Ívarsson arkitekt FAÍ, Brúarflióti 1 Mosfellsbæ, sími 659-1000, netfang: lvarsson@iceblue.is

Gamli bær (Húsafell 1)

Land Gamla bæjar L176081, er 43.500 m² og er allt landið skilgreint verslunar- og þjónustuvæði í aðalskipulagsbreytingunni og allar lóðir sem viðskipta og þjónustulóð hjá Fasteignamati ríkisins. Innan landsins eru tvö þegar byggð hús:

Heiti	Nýting	Fyrri nýting	Stærð í m ²
Gamli bær	Gistihús	Íbúðarhús	223,7
Sumarbústaður	Sumarhús		41,4
		Samtals	265,1

Gamli bær – Gistihús

Lóð gistihússins er 1.119,1 m² að flatarmáli og á lóðinni er núverandi hús þar sem heimilt er að byggja við, byggingarreitir skilgreindur á deiliskipulagsupprætti, sunnan og vestan við núverandi hús.

Gamli bær fellur undir aldursfriðun sjá lið Fornminjar í Helstu forsendur og eru allar breytingar háðar leyfi Minjastofnunar Íslands.

Viðbyggingar skulu vera í samræmi við og falla vel að núverandi húsi eins og kostur er.

Byggingarskilmálar fyrir aukið byggingarmagn á lóðinni:

- Hámarksflatarmál Gamla bæjar með viðbyggingum allt að 500 m².
- Hámarkshæð allt að 8 m.
- Stærð lóðar nr.1, Gamla bæjar 1.119,1 m².
- Nýtingarhlutfall innan lóðar gistihúss Gamla bæjar 0,44

Gamli bær – svæði fyrir frístundahús til útleigu eða einkanota

Svæði undir frístundahús, á landi Gamla bæjar, er 42.380,9 m² og skiptist í 7 lóðir, stærðir 4.356-7.156 m², þar sem heimild er fyrir 6 frístundahúsum, eitt þegar byggt. Heimilt er að nýta húsinn bæði til einkanota sem og til útleigu. Byggingarreitir eru skilgreindir á þeim lóðum sem heimilt er að reisa mannvirki. Fjarlægð byggingarreita frá lóðamörkum er að lágmarki 10 m, málsetningar eru sýndar á deiliskipulagsupprætti.

Byggingarskilmálar fyrir frístundahús á lóðum 2-7:

- Leyfilegt byggingarmagn á hverri lóð, innan byggingarreits, er 200 m² sem skiptast í aðalhlús allt að 170 m² og gestahús allt að 30 m².
- Hámarkshæð allt að 4,9 m.
- Þakform frjálst.
- Hús skulu vera í jarðlitum.
- Efni húss:
 - Megin byggingarefni timbur
 - Klæðningar timbur eða málmur
 - Sökkklar steyptir
- Nýtingarhlutfall lóða miðast við hámarksbyggingarmagn á hverri lóð:

Tafla 2. Stærð og nýtingarhlutfall lóða.

Lóð nr.	Stærð m ²	Nýtingarhlutfall	
2	7.156	0,028	
3	4.858	0,041	
4	4.822	0,041	
5	6.582	0,030	
6	6.710,5	0,030	
7	6.789	0,029	Þegar byggt, ár 1999.
8	4.356		Uppbygging óheimil, Sameign lóða 6 og 7.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru óveruleg. Svæðið er nú þegar nokkuð byggt, ný mannvirki bæði við Gamla bæ og Bæjargil hafa því takmörkuð áhrif á ásýnd svæðisins. Búast má við einhverri aukningu á umferð en gert er ráð fyrir bíla og rútustæði austan við Bæjargil, utan deiliskipulagssvæðisins, í tengslum við starfsemi á Bæjargili og mun það draga verulega úr umferð inn á svæðið.

Svæði fyrir frístundahús er þegar raskað, gamalt tún. Byggingaskilmálar fyrir frístundahúsin eru skilgreindir hvað varðar umfang, flatarmál og hæð, eru á stórum lóðum sem dregur úr áhrifum þeirra. Gróður er skilyrtur í anda þess sem fyrir er og aspir eru óheimilar.

Tekið er tillit til fornminja og friðunarákvæða í skilmálum.

Engar náttúruuminjar eru á svæðinu né skilgreint hættusvæði vegna náttúruvár. Landslag svæðisins og á aðliggjandi svæðum gefur ekki til kynna að hætta sé á hamförum nema ef ske kynni jarðskjálftar sem fundist hafa í Húsafelli en gefa ekki tilefni til sérstakra viðbragðsáætlana. Samfélagið í Húsafelli einkennist af starfsemi verslunar og þjónustu en landbúnaður hefur alveg lagst af. Áætluð uppbygging stuðlar að fjölbreyttri starfsemi í ferðaþjónustu og markhópurinn verður fjölbreyttari og styrkir þá um leið þann atvinnuveg sem ráðandi er í Húsafelli.

Kynning og samráð

Fallið er frá lýsingu þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagsbreytingu. Deiliskipulagið verður auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að fá fund vegna skipulagsins. Umsagnaraðilar eru Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofan, Slökkvilið Borgarbyggðar og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Að auglýsingartíma liðnum er tillagan tekin fyrir í sveitarstjórn til samþykktar og ætla má að það verði í nóvember 2022. Deiliskipulagið verður sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og þá auglýsti í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þá deiliskipulagið gildi.

Afgreiðsla eftir auglýsingu

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 15. september til og með 28. október 2022 og send umsagnaraðilum.

Breyting var gerð á deiliskipulaginu í framhaldi af umsögn Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, eru þær eftirfarandi:

- Umsögn Minjastofnunar – í kafla um fornminjar var því bætt við að allar framkvæmdir væru óheimilar innan helgumarsvæðis fornleifa.
- Umsögn UST og NÍ– í umfjöllun um trjágróður var því bætt við að einungis séu innlendar trjátegundir heimilar á svæðinu.
- Í byggingarskilmálum fyrir frístundahús í landi Gamla bæjar er ákvæði sett varðandi lit húsa.

Aðrar umsagnir gáfu ekki tilefni til breytinga á auglýstri tillögu.

Eftir yfirferð Skipulagsstofnunar nánari grein var gerð fyrir aðkomu.

Heimildaskrá

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022, breytingartillaga.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Þinglýst samkomulag Borgarbyggðar, Páls Guðmundssonar og Sæmundar Ásgeirssonar frá 12. ágúst 2021.